

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 8. desember 2015 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2015–2019

Sjá fg. stj. ÍM 7/2015, 2. lið. Formaður hefur samið drög að stefnuskrá ÍM 2015–2019 sem byggð voru á umræðum á fundi Íslenskrar málnefndar 27. október (sjá fg. ÍM 2/2015, 2. lið). Drögin voru send stjórn ÍM fyrir fundinn til yfirlstrar.

Hilmar sagði að það væri róttæk tillaga að leggja til að ný kennslugrein, ritun, yrði sett á fót en almennt voru menn í stjórninni þó á því, þar á meðal Hilmar, að það væri nauðsynlegt til að bæta ástandið í þessum málum. Þröstur spurði hvernig ritunarkennsla væri almennt háttáð í framhaldsskólum. Ármann taldi að hún væri mjög misjöfn eftir skólum og að ritunarkennsla í háskólum, t.d. í ritverum, væri of lítil og kæmi of seint. Hann sagðist einnig hafa á tilfinningunni að kennarar í öðrum greinum en íslensku væru mikið til hættr að leiðrétta málfar og stíl í textum nemenda. Hann sagði að skýrsla Svanhildar Kr. Sverrisdóttur og Guðrúnar Valsdóttur um ritunarkennslu í grunnskólum væri gagnlegt framlag til þessarar umræðu (*Úttekt á ritunarkennslu í tólf grunnskólum*, <https://www.menntamalaraduneyti.is/ahugavert/nr/7376>). Vitnað var í skýrsluna í ályktun ÍM um stöðu íslenskrar tungu 2015. Hilmar sagði að hæfniviðmið í kennsluskrá væru ágæt hvað varðar ritun en þeim væri ekki nægilega sinnt eða fylgt eftir.

Lagðar voru til nokkrar breytingar á drögunum. Skjalið verður sent öllum nefndarmönnum í málnefndinni til yfirlstrar. Stefnt er að því að ljúka við stefnuskrána á fundi stjórnar ÍM 12. janúar 2016.

### 2. Málræktarþing og Stóra upplestrarkeppnin

Sjá fg. stj. ÍM 7/2015, 3. lið. Rætt var um hugsanlegt þema fyrir málþing sem stendur til að halda fyrir hluta næsta árs. Formaður lagði til að þema þingsins yrði Stóra upplestrarkeppnin sem nú er 20 ára og framtíð hennar. Steinunn sagði að það gæti verið gaman að heyra í einhverjum á slíku þingi sem hefði tekið þátt í fyrstu upplestrarkeppnunum sem haldnar voru. Formaður hyggst hafa samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, varamann í ÍM og formanna Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn, sem heldur Stóru upplestrarkeppnina, og biðja hana um að koma á fund stjórnar í janúar.

Ármann lagði til að þema fyrirhugaðs málræktarþings í nóvember yrði tölvur og íslenska, fyrsta af áhersluatriðum stefnuskrár 2015–2019. Hann sagði að lítið væri að gerast varðandi íslenskt efni á Netinu og það þyrfti að stórauka það.

### 3. Samvinna við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um nýyrðasamkeppni

Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, hafði samband við formann ÍM 16. nóvember og aftur 30. nóvember um að taka þátt í nýyrðakeppni ásamt Árnastofnun og fleiri aðilum. Á fundinum upplýsti Þröstur að slíkri samkeppni um orð ársins hefði þegar verið

hleypt af stokkunum (sjá hér: <http://www.ruv.is/frett/veldu-ord-arsins-2015-kosning>) í samvinnu RÚV, Árnastofnunar og Mímis, félags stúdenta í íslensku og almennum málvísindum við Háskóla Íslands.

Formaður mun hafa samband við Guðrúnu Nordal og segja að þar sem verkefnið væri hafið væri ekki þörf á því að ÍM tæki þátt í því.

### **Mál til bókanar**

Formaður sendi bréf 4. nóvember 2015 til fyrirtækisins Íbúar ses og afrit til Reykjavíkurborgar þar sem hann gagnrýndi að könnun fyrirtækisins, sem unnin hefði verið fyrir Reykjavíkurborg (Betri Reykjavík), væri á ensku (sjá fg. stj. ÍM lið 4, a). Bent var á að þetta bryti í bág við 5. gr. laga um íslenska tungu og íslenska táknmálið 61/2011 þar sem stendur: „Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og sjá til þess að hún sé notuð.“ Í lok bréfs formanns segir: „Þess er vænst að farið verði að lögum í starfi fyrirtækisins.“

Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2015 (sjá fg. stj. ÍM 7/2015, 1. lið) var kynnt í tengslum við dag íslenskrar tungu 16. nóvember. Ályktunin var fjölrituð og afhent Alþingismönnum og einnig send fjölmiðlum. Lesa má ályktunina hér: <http://islenskan.is/alyktun-um-stodu-islenskrar-tungu>

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.35.

Guðrún Kvaran  
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson  
sign.